KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

# Körfuknattleiksþing 25. mars 2023
## - Þingboð -

Reykjavík, 8. febrúar 2023

*Körfuknattleiksfélög*
*Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands*
*Héraðssambönd og Íþróttabandalög*

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands boðar með bréfi þessu til þings sambandsins 25. mars næstkomandi. Þingið verður haldið í Laugardalshöll.

Sambandsaðilum til upplýsinga og glöggvunar eru helstu dagsetningar fram að þingi sem hafa þarf í huga samkvæmt lögum KKÍ:

- Í síðasta lagi föstudaginn 10. febrúar þarf stjórn KKÍ að senda út þingboð á sambandsaðila KKÍ. Það er gert með bréfi þessu.

- Í síðasta lagi föstudaginn 24. febrúar þurfa sambandsaðilar að skila inn tillögum og þingsályktunum fyrir Körfuknattleiksþingið. Allar tilllögur og þingsályktanir skal senda á kki@kki.is.

- Í síðasta lagi föstudaginn 3. mars skal skrifstofa KKÍ senda kjörbréf til allra sambandsaðila.

- Í síðasta lagi föstudaginn 3. mars þarf að að skila inn framboðum til stjórnar KKÍ. Framboðum skal skila rafrænt á kki@kki.is eða skriflega á skrifstofu KKÍ. Fimm sæti til stjórnar eru til framboðs.

- Í síðasta lagi föstudaginn 10. mars þarf stjórn KKÍ að senda út tillögur sem liggja fyrir Körfuknattleiksþinginu, dagskrá þingsins og ársskýrslu á sambandsaðila.

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS
KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavik, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

- Í síðasta lagi föstudaginn 17. mars þurfa sambandsaðilar að skila inn útfylltum kjörbréfum til skrifstofu KKÍ svo félög geti verið með atkvæði á þinginu.

- Í síðasta lagi föstudaginn 17. mars þurfa félög að gera upp skuldir sínar við KKÍ svo félagið sé skuldlaust viku fyrir þing og geti verið með atkvæði á þinginu.

Fyrir hönd KKÍ,

Hannes S. Jónsson
formaður KKÍ